



Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

***Alþingi***  
***Erindi nr. P 140/1905***  
***komudagur 23.4.2012***

Grundarfirði, 23. apríl 2012.

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um stjórn fiskveiða, 657. mál og frumvarp til laga um veiðigjöld, 658. mál.**

Bæjarráð Grundarfjarðar getur ekki mælt með fyrirleggjandi frumvörpum um stjórn fiskveiða og veiðigjöld.

Bæjarráð telur það ámælisverð vinnubrögð að leggja fram frumvörp sem snerta samfélög á landsbyggðinni eins mikið og þessi frumvörp gera, án þess að hægt sé reikna áhrif þeirra svo óyggjandi sé.

Bæjarráð hvetur til þess að Alþingi vandi til verka við jafn stór og þýðingarmikil mál og hér um ræðir og kanni nánar hvaða áhrif boðaðar breytingar hafa á atvinnugreinina og byggðir landsins. Greinargerðir sérfræðinga sem fylgja frumvörpunum gefa fullt tilefni til að rækilega séu könnuð áhrif fyrirhugaðrar lagasetningar á atvinnuveginum og byggð í landinu.

Bæjarráð leggur sérstaka áherslu á að skoðuð verði áhrif af tilfærslum aflaheimilda, áhrif skattlagningar með veiðigjöldum auk áhrifa á tekjur sjómanna og annarra sem starfa við sjávarútveg. Einnig verði áhrif á atvinnulíf í Grundarfirði og annarra sjávarbyggða á Snæfellsnesi skoðuð sérstaklega, ekki síst áhrif á rekstur sveitarfélagsins og afleiðingar fyrir íbúa.

Bæjarráð telur að heildaráhrif frumvarpanna muni hafa skaðleg áhrif á afkomu sveitarfélagsins, sjómanna, fyrirtækja í sjávarútvegi og uppbyggingu fiskmarkaða.

Samkvæmt frumvarpi til laga um stjórn fiskveiða er gert ráð fyrir að ráðherravald sé aukið mikið. Óviðunandi er að ein mikilvægasta atvinnugrein þjóðarinnar þurfi að búa við einhliða ákvörðunarvald ráðherra á hverjum tíma.

**Athugasemdir við einstakar greinar frumvarps til laga um stjórn fiskveiða:**

**1. gr.**

Bæjarráð tekur undir þau markmið sem sett eru fram í greininni en telur þó vandséð hvernig frumvarpið muni styðja við meginmarkmiðin sem þar koma fram.

**13. gr.**

Bæjarráð telur að þessi grein sé til mikilla bóta. Greinin tryggir þó ekki að stór hluti aflaheimilda geti flust úr byggðarlagi með miklum neikvæðum áhrifum á samfélagið en hún gefur tækifæri til inngrips í þeim tilfellum þar sem aflahlutdeildin fer yfir 20%.

**15. gr.**

Skipti og leiga aflaheimilda eru gerð mjög flókin og óskýr án sýnilegs tilgangs. Eðlilegra væri að leyfilegt sé að framselja ákveðinn hundraðshluta aflaheimilda án annarra skilyrða. Á okkar helstu veiðisvæðum sveiflast veiði mikið milli tegunda og þurfa útgerðaraðilar því að hafa þetta svigrúm. Bæjarráð gerir ekki athugasemd við að veiðiskylda sé höfð talsvert mikil.

**18. gr.**

Það er með öllu óljóst hvaða áhrif þessi grein mun hafa í Grundarfirði þar sem rekinn er kröftugur sjávarútvegur í dag. Hægt er að skilja greinina þannig að byggðarlag eins og Grundarfjörður muni ekki sitja við sama borð og önnur byggðarlög þar sem sjávarútvegur hefur farið halloka, þegar kemur að möguleikum til að sækja aflaheimildir. Einnig vantar að skilgreina hvað sé „nýliði“ samkvæmt greininni.

**19. gr.**

Samkvæmt greininni verður tekjum sem verða til við leigu aflamarks ráðstafað í sérstakan sjóð á vegum ráðherra. Gert er ráð fyrir að 40% verði ráðstafað til sveitarfélaga en ekki er gerð grein fyrir hvernig þeirri úthlutun verði háttað eða við hvað verði miðað.

Í greinargerð með frumvarpinu koma fram hugmyndir um að landshlutasamtökum verði úthlutað hlut sveitarfélaga. Bæjarráð Grundarfjarðar telur slíkt óásættanlegt með öllu.

**21. gr.**

Bæjarráð Grundarfjarðar tekur undir með Þóroddi Bjarnasyni sem í greinargerð með frumvarpinu varar við að skerða byggðakvóta um helming á meðan óvissa er með hvernig reynslan verður af breytingum á stjórn fiskveiða.

Einnig leggst bæjarráð gegn því að rækju- og skelbætur verði skertar. Slíkar bætur skipta miklu máli fyrir útgerðir sem orðið hafa fyrir skerðingum vegna hruns á hörpuskelstofni við Breiðafjörð.

F.h. bæjarráðs Grundarfjarðar,

  
Björn Steinar Pálmason, bærarstjóri